

Umsögn starfsleyfis Ísteka til aukinnar blóðtöku fylfullra mera.

Undirrituð leggst algjörlega gegn blóðmerahaldi á Íslandi af eftirfarandi ástæðum:
Samkvæmt rannsóknum á blóðtöku hrossa er ekki verjandi að fjarlægja nema um **8-10% af heildarmagni blóðs hrossanna á tveggja til fjögurra vikna fresti**. Hérlandis er venjan að fjarlægja um **18,5% af heildarmagni blóðs á viku fresti**, í átta vikur samtals. Þetta eru því samtals um 40 lítrar frá hverri fylfullri hryssu, sem er til þess fallið að valda þeim umtalsverðum þjáningum. Þjáning fylgir blóðleysi. Einkenni eru m.a. hraður hjartsláttur, kuldatilfinning, hungur, þorsti, þreyta, svimi, slappleiki og mæði. Einkenni eru jafnan meiri við hraðan blóðmissi. Ætla má að erfitt sé fyrir fylfulla meri sem folald gengur undir að vinna upp þetta blóðtap.

Blóðmerahald hefur neikvæð áhrif á ímynd Íslands sem dýravelferðarsamfélags. Hrossarækt og hrossahald hefur átt stóran þátt í að koma Íslandi á kortið víðsvegar í heiminum. Að stunda „búskap“ sem langflestar aðrar siðmenntaðar þjóðir hafa bannað, skýtur skökku við og er til þess fallið að setja svartan blett á okkur sem þjóð. Þetta getur haft víðtæk áhrif á annan iðnað, svo sem ferðamannaíðnað.

Ekki er um að ræða nauðsynlegar blóðtökur. Verið er að ná sér í hráefni til að geta níðst enn frekar á öðru spendýri, svíninu.

Líkt og fram kom í nýlegri heimildarmynd er ekki hægt að tryggja aðbúnað né meðhöndlun þeirra hryssa sem um ræðir. Þær aðfarir sem sáust eiga hvergi og aldrei rétt á sér, en MAST hefur brugðist eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu hér, þó á landinu séu „aðeins“ 5400 hryssur blóðmerar á Íslandi. Ef frumvarp þetta nær fram að ganga gætu þær orðið allt að 20 þúsund, líklega án nokkurrar aukafjárveitingar til eftirlits með „búskapnum“. Frá þeim yrðu 20 þúsund folöld tekin árlega.

Tímarnir eru breyttir frá því áður var. Þetta er hluti af valdastrúktúr þar sem mannskepnan setur sig ofar öðrum dýrategundum og gefur þannig leyfi til þess að koma fram við dýr á máta sem við myndum aldrei samþykkja að yrði gert við manneskjur. Eftir því sem við lærum meira um heilann og heilastarfsemina, og vitum æ betur hversu lík skynjun og tilfinningalíf annarra spendýra er okkar eigin, er þetta ekkert nema viðbjóður.

Við vitum nú orðið nægilega mikið um skynjun og heilastarfsemi til að geta áttað okkur á því að skynjun og tilfinningalíf annarra spendýra en nauðalík okkar eigin. Það sem aðgreinir okkur frá öðrum spendýrum er heilabörkurinn, sá hluti heilans sem sér um sértæka hugsun, tungumál, getu okkar til að setja hluti í röklegt samhengi og annað. Getu sem er ekki til staðar hjá ungvíði okkar heldur, og sumu fólki með þroskaskerðingar, en enginn velkist í vafa um að hafi réttindi til lífs án þjáningar, þrátt fyrir skerta óhlutbundna hugsun og tungumál. Dýrin finna til á sama hátt og við, limbíska kerfið, sem stundum er kallað tilfinningaheilinn, er sameiginlegur öllum spendýrum. Spendýr upplifa sársauka, ást, gleði, pissutilfinningu, eða hvaða önnur skynhrif og tilfinningar, á nákvæmlega sama hátt og við, þó þau hafi ekki tungumál til að tjá okkur það. Það gefur því augaleið er ekki verjandi að haga sér svona gagnvart öðrum dýrum.

Ég beini þeim tilmælum til okkar kjörnu fulltrúa að hlusta á þegna landsins, ekki bara þá sem hafa fjárhagslega hagsmuni af því að geta haldið áfram þessum níðingsskap, heldur líka okkur hin, sem blöskrar þessi iðnaður og vilja ekki sjá hann á okkar vegum. Ég beini þeim tilmælum enn fremur til okkar kjörnu fulltrúa að nota samvisku sína og átta sig á því að það má ekki koma fram við dýr á hvaða hátt sem er. Lífverur sem

hafa ekki getu til að gefa upplýst samþykki sitt ættu að njóta vafans. Okkur ber siðferðisleg skylda til að vernda minni máttar í stað þess að misnota okkur máttleysi þeirra. Hvort sem þau eru af tegundinni homo sapiens eða einhverri annarri tegund. Virðingarfyllst:

Ingibjörg Björnsdóttir